

# Ársskýrsla og staðtölur

2016



Sjúkratryggingar  
Íslands



# Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra	2
Hlutverk, framtíðarsýn og gildi	4
Rekstrarumhverfi og rekstur	5
Mannauður	7
Skipurit og skipulag	9
Lykiltölur	12
Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2016	14

## Sjúkratryggingar

Tafla 1.1	Útgjöld sjúkratrygginga í samanburði við útgjöld hins opinbera 2007-2016, milljónir kr.	19
Tafla 1.2	Útgjaldaflokkar sjúkratrygginga 2012-2016, í milljónum kr.	20

## Lyf

Tafla 1.3	Lyfjaútgjöld eftir lyfjaflokkum 2014-2016, millj. kr.	21
Tafla 1.4	Lyfjaútgjöld SÍ, 25 kostnaðarmestu lyfjaflokkarnir 2014-2016, millj. kr.	22
Tafla 1.5	Lyfjaútgjöld vegna S-lyfja og leyfisskyldra lyfja 2016	23

## Lækniskostnaður

Tafla 1.6	Komur til sérgreinalækna á samningi og útgjöld SÍ á komu, 2014-2016	24
Tafla 1.7	Útgjöld vegna sérgreinalækninga, fjöldi sérgreinalækna, komur og skipting á kostnaði 2016.	25

## Tannlækningar

Tafla 1.8	Fjöldi sjúklinga og útgjöld sjúkratrygginga vegna almennra tannlækninga 2007-2016.	40
Tafla 1.9	Fjöldi barna og viðgerða hjá tannlæknum með kostnaðarpáttöku SÍ 2006-2016	42

## Hjálpartæki

Tafla 1.10	Hjálpartæki og næring, útgjöld flokkuð niður á útgjaldaflokkum 2008-2016, milljónir króna	43
Tafla 1.11	Dæmi um úthlutun nokkurra hjálpartækja og útgjöld vegna þeirra 2008-2016	45

## Þjálfun

Tafla 1.12	Fjöldi sjúklinga og komur til sjúkráþjálfara ásamt útgjöldum sjúkratrygginga 2014-2016	47
Tafla 1.13	Fjöldi sjúklinga í talþjálfun og fjöldi koma/skipta 2013-2016	48
Tafla 1.14	Fjöldi sjúklinga í iðjubjálfun og fjöldi koma/skipta 2010-2016	49

## Annað

Tafla 1.15	Fjöldi sjúkrafluga 2014-2016	51
------------	------------------------------	----

## Slysatryggingar

Tafla 2.1	Helstu útgjaldaflokkar eftir greiðsluflokkum 2010-2016, þús. kr.	54
Tafla 2.2	Helstu útgjaldaflokkar eftir tryggingaflokkum 2010-2016, þús. kr.	57
Tafla 2.3	Fjöldi þeirra sem metnir hafa verið 10-49% öryrkjar í kjölfar slyss 2009-2016	55
Tafla 2.4	Greiðslur flokkaðar eftir tegund greiðslu 2011-2016, kr.	57
Tafla 2.5	Tilkynnt slys, flokkuð niður á tegund tryggingar 2006-2016	57

## Sjúklingatrygging

Tafla 3.1	Sjúklingatrygging, fjöldi mála 2010-2016	59
-----------	--	----

## Ársreikningar 2016

Sjúkratryggingar Íslands	61
Sjúkratryggingar	75
Slysatryggingar	90
Sjúklingatrygging	101





Steingrímur Ari Arason,  
forstjóri Sjúkratrygginga Íslands

## Inngangur forstjóra

Á árinu 2016 nam rekstrarkostnaður Sjúkratrygginga Íslands tæpum 1,5 milljarði kr. Greiðslur stofnunarinnar til sjúkratryggðra á Íslandi og veitenda heilbrigðisþjónustu námu á hinn bóginn samtals um 75,2 milljörðum kr. Greiðslurnar vörðuðu um 265 þúsund einstaklinga og runnu til um 1.500 veitenda heilbrigðisþjónustu. Mestu útgjaldaaukninguna mátti rekja til tilflutnings daggjaldagreiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins í ársbyrjun, en greiðslur Sí til öldrunarstofnana námu um 27,1 milljarði króna.

Auk móttöku reikninga og útborgunar daggjalda til öldrunarstofnana voru endurbætt greiðslupáttökukerfi vegna heilbrigðisþjónustu og fjármögnunarlíkan fyrir heilsugæsluna ný og stór verkefni á árinu, sem kröfðust fjárfestingar í mannskap og hugbúnaðarkerfum. Samhliða var á ýmsum sviðum leitað við að bæta rafrænu samskiptakerfin sem fyrir voru. Þannig var t.d. áfram unnið að því að öll bréf sem verða til í afgreiðslukerfum Sí birtist sjálfkrafa á vefnum („mínum síðum“), þ.e. í gagnagátt þjónustuveitenda og réttindagátt sjúkratryggðra. Sett var upp ný fyrirlitssíða í réttindagáttinni og forsjáraðilum sem ekki eru með sama lögheimili og barn veittur aðgangur að upplýsingum um barnið. Í réttindagáttinni voru birt alls 186.629 bréf árið 2016, en bréf sem einnig voru prentuð og send í hefðbundnum bréfaþósti voru um 38.000. Þetta voru bréf með mikilvægum skilaboðum til sjúkratryggðra og fjöldinn sá sami og árið áður. Á hinn bóginn fjölgaði mikilvægum skilaboðum sem sjúkratryggðir móttöku og lásu í réttindagáttinni úr 31.359 í 38.810 eða um 24% milli ára. Óeitanlega stórt skref í rétta átt þar sem þá þurfti ekki að prenta bréfin út á pappír og senda í bréfaþósti.

Um vorið ákvað Alþingi að innleiða nýtt greiðslupáttökukerfi fyrir

heilbrigðisþjónustu með breytingum á lögum um sjúkratryggingar. Í framhaldinu hófst víðtæk undirbúningsvinna á vegum Sí sem hafði afgerandi áhrif á starfsemina það sem eftir lifði árs. Upphaflega var ætlunin að breytingin tæki gildi 1. febrúar 2017 en um áramótin var ákveðið að fresta henni til 1. maí 2017. Með nýja kerfinu er sett mánaðarlegt hámark á hlutdeild hins sjúkratryggða í heilbrigðiskostnaði vegna þjónustu heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, sjálfstætt starfandi lækna, sjúkrahjálfa, iðjubjálfa og talmeinafræðinga. Kostnaði er létt af þeim sem þurfa mikið á þjónustunni að halda og eru að greiða háar fjárhæðir í óbreyttu kerfi.

Á sama tíma og innleiðing nýja kerfisins kallaði á vandasama útfærslu bæði hjá Sí og veitendum heilbrigðisþjónustunnar kom það sér illa að endanlegar ákvarðanir um fjárhæðir, hlutföll og nákvæm skilyrði greiðslupáttökunnar drógust á langinn. Reglugerð um þessa þætti var ekki gefin út fyrir en þremur vikum fyrir gildistöku laganna. Óvissan kom niður á nauðsynlegu kynningarstarfi og gerði öllum sem unnu að undirbúningnum erfitt fyrir. Ákvörðun Alþingis að taka tillit til uppsafnaðs kostnaðar hins sjúkratryggða fimm mánuði fyrir gildistöku nýja kerfisins tryggði þeim lægri kostnað í upphafi sem nota heilbrigðisþjónustuna mikið. Í því efni voru menn reynslunni ríkari eftir innleiðingu nýja lyfjagreiðslukerfisins árið 2013, en þá naut enginn greiðslupáttöku sjúkratrygginga í upphafi fyrir en eftir lyfjakaup umfram tiltekna fjárhæð.

Í september náðist samkomulag um mikilvægar forsendur fyrir þjónustu og rekstur öldrunarstofnana sem reknar eru á daggjöldum. Rammasamningur til þriggja ára var síðan undirritaður 21. október með heimild til framlengingar til 31. desember 2020. Aðilar að samkomulaginu voru Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, Samband íslenskra sveitarfélaga og Sjúkratryggingar Íslands

með aðkomu velferðarráðuneytisins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Samningurinn tók til samtals 2.517 dvalar- og hjúkrunarrýma og fól í sér 1.500 m.kr. aukningu útgjalda á árinu. Á ársgrundvelli fór heildarumfang samningsins yfir 26 milljarða króna. Ný gjaldskrá tók gildi 1. október og þurftu hjúkrunarheimili að staðfesta aðild að samningnum fyrir 15. nóvember til að eiga rétt á uppgjörsgreiðslum. Hinn 14. nóvember höfðu öll hjúkrunarheimili sem samningurinn var ætlaður, eða alls 45, staðfest aðild sína að honum (fyrir utan hjúkrunarheimilið Blesastaði sem hætti starfsemi í lok september). Á meðal þeirra hjúkrunarheimila sem samþykktu samninginn var Dvalar- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík, sem hafði þá verið starfrækt í 94 ár án samnings við ríkið.

Heilbrigðisráðherra ákvað í janúar að breyta fjármögnun heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins frá ársbyrjun 2017 þannig að fjármagn til reksturs einstakra heilsugæslustöðva endurspeglí áætlaða þjónustupörf. Markmiðið er að færa inn í rekstur heilsugæslunnar faglega og fjárhagslega hvata sem stuðli að betri þjónustu, hagkvæmari rekstri og geri heilsugæslunni kleift að vera fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu. Fjármagna á allar heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu á sömu forsendum óháð rekstarformi og um leið að umbuna fyrir skilvirka og góða þjónustu. Allir eiga

”Ákveðin skref voru tekin í þá átt að færa aðstoð við notendur til fagfólks heilbrigðiskerfisins, svo og viðhald og viðgerðir hjálpartækja til ytri þjónustuaðila.

að sitji við sama borð, hvort sem reksturinn er opinber eða á hendi einkaaðila. Jafnframt er stefnt að sambærilegu fjármögnunarkerfi á landsvísi og áformað að fjölga heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Sí var falið að ganga frá kröfulýsingu og auglýsa eftir allt að þremur nýjum rekstraraðilum. Nýtt fjármögnunarlíkan fyrir heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins kallaði á víðtækan undirbúning. Starfsmenn Sí komu að endurskoðun ráðuneytisins á kröfulýsingu fyrir heilsugæslustöðvarnar og útbjuggu útböðslýsingu og valmótel í samvinnu við Ríkiskaup til undirbúnings útböði fyrir nýjar stöðvar. Samtímis var unnið að hönnun og gerð hugbúnaðar til að auðvelda sjúkratryggðum að velja og skrá sig á heilsugæslustöð á mínum

síðum í réttindagátt Sí. Auk þess þurfti að útfæra upplýsingakerfi fyrir skráningu sjúkratryggðra á heilsugæslustöðvar og lækna, svo og fyrir nauðsynlega umsýslu og uppgjör til heilsugæslustöðva í samræmi við nýja fjármögnunarlíkanið. Unnið var að nauðsynlegum breytingum á samningum við þær sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðvar sem fyrir voru, svo og við þá tólf heimilslækna sem störfuðu utan heilsugæslustöðva.

Í kjölfar útboðs sömdu Sjúkratryggingar Íslands um rekstur tveggja nýrra stöðva sem verða á Bildshöfða í Reykjavík og í Urðarharví í Kópavogi. Miðað var við að báðar stöðvarnar tækju til starfa á árinu 2017. Síðast var ný heilsugæslustöð tekin í notkun í Glæsibæ árið 2006, en íbúum höfuðborgarsvæðisins hefur fjölgað um 26.000 manns síðan þá. Frá og með júní var einstaklingum gefinn kostur á að velja heilsugæslustöð og að færa sig frá einni stöð til annarrar í réttindagátt Sí. Sumar stöðvar buðu einnig upp á skráningu á tiltekinn lækni.

Í lok árs vöktu Sí sérstaka athygli á mikilvægi skráningar á heilsugæslustöð til að tryggja bætt aðgengi og heildstæða heilbrigðisþjónustu, en þá var um tíundi hver íbúi eða rúmlega 21 þúsund íbúar á höfuðborgarsvæðinu enn óskráðir. Lögð var áhersla á að hver og einn gæti valið þá stöð sem honum hentaði með tilliti til búsetu eða atvinnu. Umfram allt gæti hann valið þá stöð sem að hans mati veitti góða þjónustu. Skráning á stöð gæti virkað sem viðurkenning og mögulegur flutningur á aðra stöð veitti aðhald.

Í júní var undirritaður samningur um fyrstu skref til framleiðslutengdrar fjármögnunar Landspítala sem byggði á alþjóðlega DRG-flokkunarkerfinu. Markmiðið er gagnsæ aðferð við fjármögnun þar sem þjónustan er kostnaðargreind, markviss úthlutun fjármagns í heilbrigðiskerfinu, hagkvæm nýting fjármuna og bætt eftirlit með gæðum og árangri þjónustunnar. Einnig að betur sé skilið á milli hlutverka kaupanda og veitanda þjónustunnar. Þessi fjármögnunaraðferð er nýmæli hér á landi en hefur tíðkast lengi víða erlendis, m.a. í sjúkrahúsrekstri annars staðar á Norðurlöndunum. Það hefur því lengi verið kallað eftir þessum áfanga, sbr. nefndarálit meiri hlut fjárlaganefndar við afgreiðslu fjárlaga 2015.

Í stað fjárveitingar á fjárlögum leiðir framleiðslutengd fjármögnun til greiðslna fyrir kostnaðargreinda þjónustu. Með því eiga framlöggin að samsvara raunkostnaði og auðvelda sýn á það hvernig fjármunum er varið og hvernig þeir nýtast. Við fjármögnun Landspítala er gert ráð fyrir að meginhluti rekstrarins verði framleiðslutengdur (þ.e. klínísk hlutinn), en kennsla og vísindastarf, stofnkostnaður, meiriháttar viðhald o.fl. verði á föstum fjárlögum. Samningurinn er til að afla reynslu og þekkingar á árinu

2016 og er ekki ætlað að hafa fjárhagsleg áhrif fyrr en á árinu 2017.

Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2011/24/ESB um réttindi sjúkratryggðra til að sækja sér heilbrigðisþjónustu og fá útlagðan kostnað endurgreiddan til samræmis við kostnað aðgerðar á Íslandi, tók formlega gildi 1. júní 2016. Í reglugerð ráðherra er kveðið nánar á um réttindin og að framkvæmdin sé á vegum Alþjóðadeildar Sí, sem gegnir stöðu innlands tengiliðar á Íslandi. Með tilskipuninni er sett sú meginregla að sjúklingur þurfi ekki að sækja fyrirfram um samþykki til Sí til að sækja sér heilbrigðisþjónustu erlendis. Frá þessu eru þó undantekningar, t.d. ef meðferð krefst innlagnar á sjúkrahús í eina nótt eða lengur, ef meðferð er sérstaklega áhættusöm eða ef ástæða er til að efast um gæði þjónustunnar.

Endurgreiðsla á kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu í öðru landi nemur að hámarki fjárhæðinni sem samsvarandi þjónusta hefði kostað í íslenska heilbrigðiskerfinu. Heimilt er að synja um endurgreiðslu og skal synjunin þá byggja á sjónarmiðum um almannahagsmuni, s.s. að tryggja fullnægjandi og varanlega nýtingu á innviðum heilbrigðiskerfisins og nauðsyn fyrir því að hafa stjórn á kostnaði. Sjúkratryggður sem staddur er í aðildarríki EES-samningsins getur leitað sér heilbrigðisþjónustu þar og ef þjónustan er nauðsynleg gildir einu hvernig hún er skipulögð, veitt eða fjármögnuð. Með öðrum orðum, þá á hinn sjúkratryggði við þessar aðstæður rétt á endurgreiðslu Sí þó að þjónustan sé veitt af einkarekinni stofnun eða aðila sem starfar utan opinbers heilbrigðiskerfis á viðkomandi stað. Frá 1. júní til áramóta fékk alls 51 einstaklingur sjúkratryggður á Íslandi endurgreiðslu á grundvelli tilskipunarinnar vegna lækniþjónustu á EES-svæðinu. Af þeim fengu 12 endurgreiðslu á grundvelli reglna um fyrirfram samþykki hjá Alþjóðadeild Sí, en 39 endurgreiðslu þar sem þeir höfðu leitað eftir bráðþjónustu (nauðsynlegri þjónustu) hjá aðila án samnings við hið opinbera.

Hinn 17. maí skipaði ráðherra Hákon Stefánsson, framkvæmdastjóra Credit Bureau Operation hjá Creditinfo Group, formann stjórnar Sí í stað Björns Zoëga. Samtímis kom Guðjón Bjarni Hálfðánarson, lögfræðingur, inn í stjórnina sem aðalmaður í stað Helgu Tatiana Zharov sem hafði óskað eftir að láta af störfum.

Í framhaldi stefnumótunar- og umbótavinnu, sem hófst á síðasta ári, fyrir þjónustu- og hjálpartækjamiðstöð Sí var markvisst unnið að innleiðingu stefnunnar á árinu. Ákveðin skref voru tekin í þá átt að færa aðstoð við notendur til fagfólks heilbrigðiskerfisins, svo og viðhald og viðgerðir hjálpartækja til ytri þjónustuaðila. Með aukinni

ábyrgð fagaðila utan Sí á umsóknum og rafrænni miðlun upplýsinga til Sí var lagður grunnur að skilvirkri þjónustu og lækkun umsýslukostnaðar. Þegar verst lét haustið 2015 var afgreiðslutími umsókna um hjálpartæki kominn í 5-7 vikur. Um veturinn tókst jafnt og þétt að stytta tímann og með vorinu 2016 var afgreiðslutíminn að jafnaði kominn niður í 1-2 vikur. Hlutfall rafrænna umsókna um hjálpartæki hækkaði úr 65% í ársbyrjun í um 80% í árslok.

Af öðrum áhersluatriðum á árinu má nefna breytingu á birgðahaldi endurnýtanlegra hjálpartækja úr „móttökulager“ í „afhendingarlager“. Með henni má

**” Á hinn bóginn fjölgaði mikilvægum skilaboðum sem sjúkratryggðir móttóku og lásu í réttindagáttinni úr 31.359 í 38.810 eða um 24% milli ára. Oneitanlega stórt skref í rétta átt þar sem þá þurfti ekki að prenta bréfin út á pappír og senda í bréfaþósti.**

straumlínulaga vinnuferla og minnka stórlega húsnæðið sem birgðahaldið krefst. Ásamt undirbúningi þessara víðtæku breytinga var unnið að úthýsingu viðgerðarþjónustu vegna bilana og þar með að gera skýran greinarmun á þeim og viðgerðum vegna endurnýtingar. Verkferlar tengdir móttöku hjálpartæka hjá Sí voru yfirfarnir og þá ekki síst með tilliti til flokkunar og merkingar tækja fyrir þvott.

Í byrjun október samþykkti stjórn Sí breytingar á skipulagi stofnunarinnar með tillit til áherslna í umsýslu hjálpartækja svo og vegna nýju verkefnanna sem tengdust heilsugæslunni, greiðsluþátttökukerfinu og öldrunarstofnunum. „Deild birgðahalds hjálpartækja og dreifingar“ var stofnsett og tók yfir verkefni „Deildar verkstæðis- og lagers“, samkvæmt eldra skipulagi, en einnig afmörkuð verkefni sem áður tilheyrðu „Þjónustudeild“ og „Deild hjálpartækja- og næringarmála“, svo sem umsýslu með „hvítum tækjum“ og eignakerfi. Sérstök áherslu er á dreifingu, innköllun og gæðaeftirlit með þjónustuaðilum. Skipurit „Deildar hjálpartækja- og næringarmála“ endurspeglar með samsvarandi hætti aukna áherslu á fræðslu og ráðgjöf til fagfólks utan Sí og virka þátttöku þess í undirbúningi og afgreiðslu umsókna um hjálpartæki. Á Tryggingasviði tókutilstarfa „Deild heilsugæslu og þjálfunar“ og „Deild hjúkrunarheimila og sjúkrahúsþjónustu“, að hluta til um verkefni sem áður tilheyrðu „Sjúkraþjónustudeild“, en fyrst og fremst til að annast nýju verkefni.



# Hlutverk, framtíðarsýn og gildi

## Hlutverk Sjúkratrygginga Íslands

Að tryggja aðgang að góðri og hagkvæmri heilbrigðisþjónustu.

Meginverkefni Sjúkratrygginga Íslands eru að:

- annast framkvæmd sjúkratrygginga
- semja um heilbrigðisþjónustu
- annast kaup á vöru og þjónustu sem stofnuninni ber að veita
- greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum og samningum
- hafa eftirlit með gæðum og árangri starfsemi þeirra sem veita heilbrigðisþjónustu samkvæmt samningum
- sinna öðrum verkefnum sem stofn uninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun ráðherra.



## Gildi Sjúkratrygginga Íslands

### Virðing

- Við berum hag viðskiptavina fyrir brjósti
- Við berum virðingu fyrir samstarfsmönnum og verkefnum okkar og leggjum okkur fram um að vinna sem liðsheid

## Framtíðarsýn Sjúkratrygginga Íslands

Sjúkratryggingar Íslands eru framsækin stofnun sem nýtur trausts og virðingar í samfélaginu.

- Markviss þróun og fagleg vinnubrögð skapa orðspor sem endurspeglar nútíma lega og áreiðanlega stofnun.
- Stofnunin er þekkt í samfélaginu fyrir gagnsæi, jafnræði og árangur

### Sí veita þjónustu sem er aðgengileg og lipur.

- Lögð er áhersla á rafræna og skilvirka þjónustu sem auðveldar viðskiptavinum samskipti og tryggir jafnræði og gagnsæi.
- Þjónustan er einstaklingsmiðuð og byggir á vel skilgreindum réttindum. Upplýsingagjöf er skýr og miðuð að öllum hópum viðskiptavina.

### Sí eru góður vinnustaður með hæft og ánægt starfsfólk.

- Starfsfólk sýnir metnað og er ánægt í starfi. Starfsfólk tekur virkan þátt í því að bæta vinnustaðinn og þjónustuna. Fræðsla og þjálfun skilar sér í síaukinni hæfni starfsmanna.
- Aðbúnaður starfsfólks er til fyrirmyndar og eftirsótt að starfa fyrir stofnunina

### Sí vinna að gæðum og hagkvæmni í heilbrigðisþjónustu í góðu samstarfi við veitendur þjónustunnar.

- Samningar við veitendur heilbrigðisþjónustu tryggja góða og vel skilgreinda þjónustu.
- Hagkvæmni og traust kostnaðargreining eru lykilþættir um leið og jafnræðis er gætt. Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er árangursríkt

### Sí eru ábyrg og vel rekin stofnun

- Agaður rekstur tryggir skilvirka starfsemi.
- Unnið er með hagsmunaaðilum að forgangsriðun verkefna og ríkir gagnkvæm traust á milli þeirra.
- Verkaskipting er skýr og tekur skipulag stofnunarinnar mið af ríkjandi áherslum

### Fagmennska

- Við beitum öguðum vinnubrögðum sem endurspeglast í traustri þjónustu
- Við byggjum upp og nýtum þekkingu okkar til að veita þjónustu sem einkennist af sanngirni, jafnræði og gegnsæi

### Framsækni

- Við leitum sífellt leiða til að gera betur og vinnum markvisst með hugmyndir að umbótum
- Við lítum á áskoranir sem tækifæri og erum jákvæð gagnvart breytingum



# Rekstrarumhverfi og rekstur 2016

## Rekstrarumhverfið á árinu

Á árinu 2016 var óvenjulega mikið í gangi hvað varðar innleiðingu og þróun nýrra og umfangsmikilla verkefna. Oftar en ekki er aðdragandi þessara verkefna skammur og greining þeirra ekki jafn góð og ákjósanlegt væri. Það hefur svo þau áhrif að það að sækja fjármagn til þeirra verður þyngra undir fæti.

Enn er rétt að benda á að það áhyggjuefni hve hægt hefur gengið að byggja nokkra grunnþætti í rekstri stofnunarinnar. Á árinu 2016 náðist þó sá áfangi að ráðinn var skjaltastjóri til stofnunarinnar. Eftir stendur það stóra mál að öryggismálum í upplýsingatækni er ekki komið með þeim hætti sem áskilið er.

til framtíðar

- *Undirbúningur verkefnis, tryggja viðeigandi mannafla og kaup á hugbúnaðarþjónustu*
- *Samráð og samtal milli SÍ og VEL um framgang verkefnis kostnaðar- og framkvæmdalega*
- *Reglubundin endurskoðun fjárhagsáætlunar og samhliða trygging fjármögnunar*

Þegar ekki tekst að halda utanum ný verkefni með þessum hætti þá er það ávísun á aukið álag á starfsmenn SÍ, fjármögnunarvanda og rekstrarvanda til framtíðar.

## Almennt um einstaka rekstararliði Fjármögnun starfsemi Sjúkratrygginga Íslands

Rekstur SÍ er fjármagnaður annars vegar af ríkisframlagi og hins vegar af sértekjum / öðrum tekjum. Ríflega 50% af fjármögnun SÍ flokkast sem sértekjur. Í raun er hér um að ræða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði eða ákvarðaðan umsýslukostnað t.d. stjórnunarkostnað vegna slysatrygginga.

Fjárveitingar á fjárlögum til Sjúkratrygginga Íslands voru um 740 m.kr. Millifærslur af öðrum fjárlagaliðum voru um 50 m.kr., þar af voru um 45 m.kr. til fjármögnunar nýrra verkefna, samtals um 790 m.kr.

Sértekjur / aðrar tekjur ársins 2016 voru samtals um 690 m. kr. þ.a. um 610 m.kr. vegna reksturs hjálpartækjamiðstöðvar. 66 m.kr. vegna rekstur slysatrygginga og um 9 m.kr. vegna annarra þátta.

Til framtíðar er mikilvægt að stofnuninni talist að tryggja sér aukið rekstrarfé til að styrkja grunnrekstur stofnunarinnar sem og að tryggja viðeigandi fjárheimildir til nýrra verkefna.

## Launakostnaður

Launagjöld hækkuð um tæplega 100 milljónir á milli ára. Annars vegar vegna fjölgunar stöðugilda og hins vegar vegna kjarasamningshækkana. Þá voru og endurnýjaðir stofnanasamningar við nær öll félög háskólamanna í framhaldi af úrskurði Gerðadóms.

SÍ eru þátttakendur í svokölluðu bókun 2 verkefni. Verkefnið tryggir stofnuninni fjármagn sem notað var til að styðja við framkvæmd framgang verkefna á starfsáætlunum.

## Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Ýmiss kostnaður vegna skrifstofuhalds var á árinu 2016 um 37 m.kr. á móti 35 m.kr. 2015. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn hér undir eru burðargjöld kr. 23 m.kr. hér hafa verið stigin ákveðin skref til hagræðingar t.d.



## Ný verkefni og fjármögnun þeirra

Eins og áður sagði þá hafa stofnuninni verið falin mörg ný verkefni á undanförunum árum. Fá árinu 2015 hafa mörg þessara verkefna verið mikil að vöxtum.

Það er gríðarlega mikilvægt að viðtaka og úrvinnsla stofnunarinnar á slíkum verkefnum sé í formlegum ferli.

Meginþættir slíks ferlis eru eftirfarandi:

- *Frumgreining verkefnis, hvert er verkefnið og hver á afurðin að vera*
- *Áætlaður kostnaður, annars vegar við smíði kerfis og hins vegar við rekstur*

## Starfsáætlanir

Á árinu 2016 var í fyrsta skipti lagt upp með formlegt ferli starfsáætlana niður á svið og einingar. Starfsáætlun hvers sviðs / inniheldur lýsingu á kjarnaverkefnum annars vegar og sérstökum áhersluverkefnum ársins hins vegar. Regluleg eftirfylgni var með framgangi starfsáætlana á S21 stjórnendafundum. Gerð og eftirfylgni starfsáætlana er öflugt verkfæri til stjórnunar og eftirfylgni og mikilvægt vel takist til í að festa þær í sessi.



með forritun sérstaks bréfakerfis sem tengir saman birtingu og lestur bréfa í Réttindagátt einstaklinga og útsendingu á pappír. Ljóst er hins vegar að gera þarf betur þar sem þessi kostnaður er að aukast um 4 m.kr. á milli ára.

#### Eignakaup

Hér undir falla kaup á tölvubúnaði, skrifstofubúnaði og ýmsum tækjum. Liðurinn lækkar um tæplega 5 m.kr. á milli ára og munar þar mest um kaup á sendibifreið 2015 kr. 6 m.kr. sem ekki voru endurtekin 2016.

#### Annar rekstrarkostnaður

Liðurinn innfelur ýmsan rekstrarkostnað s.s. kostnað við fæðis kaup, sameiginlega þjónustu og aðkeypt þrif. Kostnaður við fæðis kaup er um 14 m.kr. Aðkeypt þrif eru að hækka um 10,5 m.kr. á milli ára. Skýrist hækkunin af breyttri framkvæmd við þrif á hjálpartækjum.

#### Húsnæðiskostnaður

Stofnunin er með húsnæði á leigu á fjórðu hæð að Rauðarárstíg 10, Laugavegi 116 og 118. Alþjóðadeild og þjónustu- og hjálpartækjamiðstöð eru með aðsetur í húsnæði að Vínlandsleið 16. Á árinu voru teknar á leigu geymslur að Vínlandsleið

14 og hækka leigugjöld vegna þessa um 8,5 m.kr.

Liðurinn lækkar um 9 m.kr. vegna breytinga á bókun gjalda er tengjast Hjálpartækjamiðstöð. Ýmis smíðavinna er nú færð beint á réttindaflokkinn í stað þess að bókast fyrst á rekstur SÍ og koma svo til baka í gegn um sértekjur.

#### Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Af 240 m.kr. heildarkostnaði á þessum lið eru 185 m.kr. vegna kostnaðar við forritun nýrra kerfa sem og kostnaður vegna viðhalds þeirra. Sá liður hækkaði um 45 m.kr. á milli ára og endurspeglar aukin kostnað við forritun nýrra kerfa.

Á milli árána 2015 og 2016 var gerð sú breyting á bókun að aðkeypt mót verktakalækna voru færð á slysatryggingar en sá kostnaður var um 17 m.kr. 2015.

Kaup á þjónustu af TR lækkar um 16 m.kr. á milli ára. Skýrist það af yfirtöku SÍ verkefna frá TR. Um er að ræða yfirtöku á almennum rekstri tölvukerfa. Eftir stendur að rekstur réttindaákvörðunarkerfa (vinnslukerfa) er enn í höndum TR. Umtalsverð rekstrarhagræðing myndi fylgja því að SÍ tæki yfir þann rekstur.




# Mannauður

Í lok árs 2016 voru starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands 120 talsins, sem er aukning um 6,2% frá fyrra ári. Ársverk voru samtals 107,04 og eru flestir starfsmenn í fullu starfi.

Meðalaldur starfsfólks hjá Sjúkratryggingum Íslands er 48,9 ár. Um 46% starfsfólks eru félagar í SFR – stéttarfélagi í almannajónustu, 49% eru félagar í ýmsum háskólafélögum og fáeinir (5%) eru í öðrum stéttarfélögum. 75% starfsmanna eru konur.

Fjöldi veikindadaga á hvert ársverk voru að meðaltali 8,7 dagar (án langtímaveikinda\*) en 11,2 dagar þegar langtímaveikindi eru talin með. Umfang veikinda (án langtímaveikinda) hefur verið mjög svipað undanfarin ár, en hefur þó mjakast upp á við undanfarin ár. Heildarveikindi (með langtímaveikindum) minnka talsvert milli ára og eru nú áþekkt því sem var 2014.



Starfsmannavelta á árinu 2016 var 7,5%, sem er lítillega minni velta en árið á undan.





Endurskoðun stofnanasamninga var fyrirferðamikil á árinu og voru gerðir nýir samningar við nánast öll félög




háskólamanna. Lögð áframhaldandi áhersla á starfsþróun bæði starfsfólks og stjórnenda og var auknu fjármagni varið til fræðslumála. Boðið var upp á ýmskonar fræðslu og þjálfun í samræmi við fræðsluáætlun stofnunarinnar. Á árinu voru framkvæmdar tvær kannanir meðal starfsmanna. Annars vegnar árleg viðhorfskönnun SÍ þar sem spurt er um ýmsa þætti sem lúta að starfi, starfsumhverfi og vinnuálagi starfsfólks. Samhliða þessari könnun

fór einnig fram álegt stjórnendamat. Hins vegar var það könnun um Stofnun ársins sem SFR stendur að. Niðurstöður sýndu áframhaldandi bætingu milli ára. Niðurstöður beggja kannana voru kynntar starfsfólki og nýttar til að vinna að áframhaldandi þéttum árangri í starfsmannamálum.

Ýmislegt fleira var gert á árinu m.a. voru vinnureglur um viðbrögð við einelti endurskoðaðar og leiðarljós í samskiptum starfsmanna yfirfarin. Að lokum má nefna að 33 starfsmenn nýttu sér samgöngustyrk og voru með virka samgöngusamninga til lengri eða skemmri tíma á árinu.



# Skipulag og skipurit



## Stjórn Sjúkratrygginga Íslands

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands er skipuð af velferðarráðherra.

Formaður stjórnar er Hákon Stefánsson framkvæmdastjóri Credit Bureau Operation hjá Creditinfo Group, sem skipaður var af ráðherra þann 17.maí en hann tók við af Birni Zoëga.

Aðrir stjórnarmenn eru: Birna Kr. Svavarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Guðmundur Magnússon, rekstrarverkfræðingur, Berglind Hallgrímsdóttir, varaformaður, verkfræðingur og Guðjón Bjarni Hálfðánarson, löfpræðingur en hann kom í stað Helgu Tatiana Zharov, lögfræðings sem lét af störfum í maí.

Stjórn Sjúkratrygginga Íslands skal staðfesta skipulag stofnunarinnar, árlega starfsáætlun og fjárhagsáætlun og marka henni langtímastefnu. Skal stjórnin hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar og að rekstur hennar sé innan ramma fjárlaga á hverjum tíma. Formaður stjórnar Sjúkratrygginga Íslands skal reglulega gera ráðherra

grein fyrir starfsemi hennar og gera honum viðvart ef starfsemi og þjónusta er ekki í samræmi við ákvæði laga og ef rekstur er ekki í samræmi við fjárlög.

Á myndina vantar Guðjón Bjarna Hálfðánarson





### Fjármála- og rekstrarsvið

Svið fjármála og rekstrar er stoðsvið innan Sjúkratrygginga Íslands. Kjarnahlutverk sviðsins snýr því að því að sinna verkefnum / þáttum sem sameignlegir eru flestum eða öllum sviðum stofnunarinnar og hagkvæmara / betra er talið að sinna frá einum stað fremur en fela það hverju einstöku sviði. Annar mikilvægur þáttur sem afmarkar starfsemi Fjármála- og rekstrarsviðs er aðgreining verkefna m.t.t. til innra eftirlits. Þannig er það almennt hlutverk fagsviða að ákvarða réttindi til sjúkratryggðra einstaklinga í samræmi við þær reglur sem um þau gilda og greiðslur til VHB í samræmi við samninga. Þegar slík ákvörðun liggur fyrir þá staðfesta fagsvið hana gagnvart Fjármálasviði sem í framhaldinu annast viðeigandi bókhaldsfærslur og greiðslu. Með þessari verkaskiptingu verður til staðar aðgreining á milli annars vegar ákvörðunar um réttindi til greiðslu og hins vegar útborgun réttinda.

### Tryggingasvið

Kjarnaverkefni Tryggingasviðs felast í tvennu. Annars vegar utanumhald réttinda og kostnaðarpátttöku

sjúkratryggðar í heilbrigðisþjónustu. Hins vegar framkvæmd samninga við veitendur heilbrigðisþjónustu. Til viðbótarfalla undir sviðið tveir afmarkaðir málaflokkar sem eru slysatryggingar og sjúklingatrygging.

### Viðskiptasvið

Hlutverk sviðsins er að greina þarfir hins sjúkratryggða fyrir heilbrigðisþjónustu m.a. með tilliti til magns gæða og kostnaðar. Viðfangsefnin eru annars vegar ferlar tengdir kostnaðarhlutdeild lyfja og hins vegar þjónustu og vörukaup á heilbrigðissviði að undangengnu formlugu innkaupa og/eða samningaferli.

### Þjónustu- og hjálpartækjamiðstöð

Kjarnaverkefni Þjónustu- og hjálpartækjamiðstöðvar felast í þrennu. Utanumhald réttinda sjúkratryggðra er varðar hjálpartæki, framkvæmd samningar við söluaðila hjálpartækja og endurnýtingu og viðgerðir hjálpartækja. Að auki fellur undir sviðið rekstur þjónustumiðstöðvar fyrir viðskiptavinum Sjúkratrygginga Íslands.






# Lykiltölur 2016

Milljónir króna á verðlagi hvers árs

	Sjúkra- tryggingar	Slysa- tryggingar	Sjúklinga- trygging	Samtals	% af heildar- útgjöldum ríkissjóðs	% af vergri lands- framleiðslu
2011	29.985	547	89	<b>30.621</b>	5,2	1,8
2012	30.935	655	88	<b>31.678</b>	5,2	1,8
2013	32.178	724	187	<b>33.089</b>	5,4	1,7
2014	34.670	749	246	<b>35.665</b>	5,3	1,8
2015	36.875	731	389	<b>37.995</b>	5,4	1,7
2016	40.092	776	251	<b>41.118</b>	4,9	1,7

Hagstofa Íslands: Gjöld ríkissjóðs, Verg landsframleiðsla.  
Útgjöld eru án fjármunatekna og fjármagnsgjalda. Tekjur eru ekki meðtaldar.





Útgjöld réttindaflokka SÍ 2016 (m.kr.):



Sérgreinalæknar

Komur til sérgreinalækna voru 500 þúsund.



Talþjálfun

Rúmlega 23 þúsund komur í talþjálfun á árinu.

27% 73%



Lyf

Kostnaðarsamasti lyfjaflokkurinn er „örvandi lyf, lyf notuð við ADHD og lyf sem efla heilastarfsemi“ og var kostnaður SÍ á árinu 799 m.kr. sem eru tæp 10% af heildarkostnaði SÍ vegna almennra lyfja.



Sjúkraþjálfun

Tæplega 14% landsmanna fór til sjúkraþjálfara á árinu.



Tannlækningar

Tæplega 55 þúsund börn komu til tannlæknis á árinu og eru það 16% fleiri börn en árið 2012, áður en samningur um tannlækningar barna tók gildi, en þá voru þau rúmlega 47 þúsund.

Umfang greiðslna	2016	2015
<b>Sjúkratryggingar:</b>		
Læknakostnaður	10.282	9.046
Lyf	8.362	8.557
Lyf með S-merkingu	7.251	6.565
Hjálpartæki og næring	4.250	3.661
Hjúkrun í heimahúsum	247	227
þjálfun	2.669	2.275
Tannlæknakostnaður	3.157	2.805
Sjúkraflutningar og ferðir innanlan	784	764
Brýn meðferð erlendis	1.879	1.871
Sjúkrakostnaður vegna veikinda og slysa erlendis	506	494
Sjúkradagpeningar	362	324
Annað	344	285
Samtals sjúkratryggingar:	40.092	36.875
Slysatryggingar	776	731
Sjúklingatrygging	251	389
<b>Samtals útgjöld sjúkra-, slysa- og sjúklingatryggingar</b>	<b>41.118</b>	<b>37.995</b>

Réttindagreiðslur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fyrir árið 2016 námu 41.118 milljónum kr. sem var 4,9% af heildarútgjöldum ríkisins og 1,7% af vergri landsframleiðslu. Útgjöld jukust um 3.123 milljónir frá árinu 2015.

Mesta kostnaðarhækkunin í krónum var í lækniskostnaði en hann hækkaði á milli ára um 1.236 m.kr. Þar af hækkaði kostnaður vegna sérgreinalækninga um 730 m.kr.

Kostnaður vegna lyfja með S-merkingu hækkaði um 685 m.kr. milli ára. Á árinu voru innleiddi fleiri ný leyfisskyld lyf en einnig eru áframhaldandi kostnaðaráhrif

vegna nýrra lyfja sem samþykkt voru til innleiðingar 2015 og eru enn í innleiðingarfasa.

Hækkun réttindagreiðslna SÍ um 3.123 m.kr. á milli áruna 2015 og 2016 var 8,2%. Á sama tíma hækkaði vísitala neysluverðs um 1,7%.

Kostnaðarhlutdeild sjúkratryggðra var mjög breytileg eftir réttindaflokkum, t.d. er engin í kostnaði vegna S-merktra lyfja, nálægt 25% kostnaðarhlutdeild í almennum lyfjum en tæp 42% í sjúkraþjálfun.

# Yfirlit yfir samninga í gildi í árslok 2016

Flokkun	Fjöldi samninga
Samningar um heilsugæslu- og lækniþjónustu	69
Erlendir samningar	15
Samningar um rannsóknir og myndgreiningu	15
Samningar um tannlækningar	7
Samningar um öldrunarþjónustu	3
Samningar um ljósmæðra- og hjúkrunarþjónustu	10
Samningar um þjálfun og endurhæfingu	33
Samningar um sálfræðiþjónustu	7
Samningar um krabbameinsleit	1
Samningar um áfengismeðferð	4
Samningar um sjúkraflutninga	13
Samningar um húðmeðferð	3
Samningar um gistingu og hótelpjónustu	2
Samningar um lyf	8
Samningar um hjálpartæki	61
Samningar um næringu	5
<b>Heildarfjöldi samninga</b>	<b>256</b>
Samningar við Landspítala	34
Samningar við heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni	29




## Viðsemjendur og þjónusta

- *Rammasamningur við sérgreinalækna um lækningar utan sjúkrahúsa. Samningurinn tekur til almennra lyflækna, augnlækna, barnageðlækna, barnalækna, blóðlækna, bæklunarskurðlækna, efnaskipta- og innkirtlalækna, endurhæfingarlækna, geðlækna, gigtarlækna, háls- nef- og eyrnalækna, hjartalækna, húðlækna, krabbameinslækna, kvensjúkdómalækna, lungnalækna, lýtalækna, sérfræðinga í meltingarsjúkdómum, nýrnalækna, ofnæmis- og ónæmislækna, skurðlækna, smitsjúkdómalækna, svæfingarlækna, taugalækna, þvagfæraskurðlækna og öldrunarlækna*
- *Læknafélag Reykjavíkur um aðkomu sérgreinalækna að málefnum er varða rammasamning Sí og sérgreinalækna*
- *Barnalæknaþjónustan ehf. um barnalækningar utan sjúkrahúsa*
- *Heimilislæknastöðin hf. um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar í Lágmúla*
- *Heimilislæknastöðin hf. um heilbrigðisþjónustu í fangelsum á Reykjavíkursvæðinu*
- *Salus ehf. um rekstur Heilsugæslustöðvarinnar Salahverfi, Kópavogi*
- *Heilsugæsla Reykjavíkur ehf. um rekstur heilsugæslustöðvar að Urðarhvarfi – Nýr samningur*
- *Heilsugæslan Höfða ehf. um rekstur heilsugæslustöðvar að Bíldshöfða – Nýr samningur*
- *Rammasamningur við sjálfstætt starfandi heimilislækna um heimilislæknaþjónustu*
- *Læknavaktin ehf. um móttökuvakt á höfuðborgarsvæðinu*
- *Læknavaktin ehf. um vitjanaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu*
- *Læknavaktin ehf. um heilbrigðisráðgjöf í síma og vegvísun í íslenska heilbrigðiskerfinu*
- *Heilbrigðisstofnun Norðurlands um heilbrigðisráðgjöf í síma og vegvísun í íslenska heilbrigðiskerfinu*
- *Sveitarfélagið Hornafjörður um rekstur heilbrigðisþjónustu*
- *Húðlæknastöðin ehf. um meðferð með lasertækjum*
- *Útlitslækning ehf. um meðferð með lasertækjum*
- *LaserSjón ehf. um laseraðgerðir á augum*
- *Sjónlag hf. um laseraðgerðir á augum*
- *Augljós laser augnlækningar ehf. um laseraðgerðir á augum*
- *LaserSjón ehf. um augasteinsaðgerðir*
- *Sjónlag hf. um augasteinsaðgerðir*
- *Sjónlag um forsendur fjárveitinga til átaks til að stytta biðlista á árinu 2016 (gerður af velferðarráðuneyti) – Nýr samningur*
- *Augnlæknar Reykjavíkur ehf. um aðgerðir með diode lasertækni til meðhöndlunar á gláku*
- *Miðstöð foreldra og barna ehf. um sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu og tengslaeflandi meðferð fyrir verðandi foreldra og foreldra með ungbörn*
- *Landspítali um aðgerðir sem fela í sér lokun á opi milli gátta í hjartaþærðingu (Amplatz aðgerðir)*
- *Landspítali um Aortalokuskipti með þræðingartækni (TAVI aðgerð)*
- *Landspítali um einingarverð og gjaldskrá vegna ákveðinna verka sem unnin eru á dag- og göngudeildum*
- *Landspítali um endurnýjun á rafhlöðum í sjúklingum með ígrædd rafskaut í heila eða hrygg*
- *Landspítali um forsendur fjárveitinga til átaks til að stytta biðlista á árinu 2016 (gerður af velferðarráðuneyti) – Nýr samningur*

- Landspítali um framleiðslutengda fjármögnun (DRG) – Nýr samningur
- Landspítali um heimflutning og gjörgæslu fyrir sjúkratryggða sem fá ígrætt HM-II hjálparhjarta í Gautaborg
- Landspítali um innri geislun vegna krabbameins í blöðruhálskirtli (brachytherapy)
- Landspítali um innæðaaðgerðir með þræðingartækni í æðakerfi miðtaugakerfisins
- Landspítali um ígræðslu nýrna frá lifandi gjöfum
- Landspítali um íhluti vegna brennsluaðgerða við gáttatífi
- Landspítali um kuðungsígræðslu
- Landspítali um radiofrequency ablation (RFA) meðferð við krabbameini í lifur
- Landspítali um stofnfrumumeðferð
- Landspítali um söfnun og flutning á eitilfrumum frá Svíþjóð til Íslands og um chimerismapróf
- Landspítali um tilvik þegar nauðsynlegt er að fá sérgreinalækni sem starfar erlendis til að veita meðferð á sjúkrahúsi á Íslandi
- Landspítali um vinnureglur vegna lækni meðferðir barna erlendis
- Landspítali um þjónustu ADHD-teymis
- Sjúkrahúsið á Akureyri um augasteinsaðgerðir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um forsendur fjárveitinga til átaks til að stytta biðlista á árinu 2016 (gerður af velferðarráðuneyti) – Nýr samningur
- Sjúkrahúsið á Akureyri um kæfisvefnisrannsóknir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um liðskiptaaðgerðir
- Sjúkrahúsið á Akureyri um lyfjagjöf í auga
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í efnaskipta- og innkirtlalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í lungnalækningum
- Sjúkrahúsið á Akureyri um þjónustu sérfræðings í taugalækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um þjónustu sérfræðings í húðsjúkdómalækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðipjónustu í augnlækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðipjónustu í hjarta- og nýrnalækningum
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um sérfræðipjónustu í kvenlækningum
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðipjónustu í augnlækningum á Blönduósi – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðipjónustu í bæklunarlækningum, almennum skurðlækningum, lýtalækningum og þvagfæraskurðlækningum á Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðipjónustu í efnaskipta- og innkirtlalækningum á Blönduósi
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðipjónustu í hjartalækningum á Sauðárkróki – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðipjónustu í kvenlækningum og geðlækningum á Sauðárkróki
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sérfræðipjónustu í þvagfæraskurðlækningum á Húsavík
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um sérfræðipjónustu í krabbameinslækningum og kvensjúkdómalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um sérfræðipjónustu í hjartalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um sérfræðipjónustu í lungnalækningum
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um þjónustu svæfingarlæknis
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sérfræðipjónustu í augnlækningum – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sérfræðipjónustu í kvenlækningum
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um skimun fyrir kæfisvefni
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um aðstoðu og svæfingar vegna tannlækninga
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um forsendur fjárveitinga til átaks til að stytta biðlista á árinu 2016 (gerður af velferðarráðuneyti) – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um sérfræðipjónustu í augnlækningum á Hólmanvík og Hvammstanga – Nýr samningur
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um sérfræðipjónustu í hjartalækningum
- Verktakalæknar um tillögu að mati á varanlegri læknisfræðilegri örorku af völdum slysa sem bótaskyld eru hjá Sí
- Þórður Harðarson um vinnu vegna tilkynninga um atvik sem bótaskyld kunna að vera
- Magnús Páll Albertsson um læknisfræðilega ráðgjöf í málum sem varða sjúklingatryggingu
- Children's Hospital í Boston um meðferð barna
- Karolinska University Hospital í Stokkhólmi um stofnfrumumeðferð
- Karolinska University Hospital í Stokkhólmi um meðferð með geislun (Gamma Knife)
- Rigshospitalet í Kaupmannahöfn um þjónustu vegna PET – SCAN
- Sahlgrenska International Care í Gautaborg um lýtalækningar á meðfæddum göllum á höfði og andliti
- Sahlgrenska International Care í Gautaborg um líffæragjafir og líffæraígræðsla
- Landspítali vegna framkvæmdar á samningi Sí og Sahlgrenska sjúkrahússins í Gautaborg um líffæratöku og líffæraígræðslu
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð – Rammasamningur um heilbrigðisþjónustu – Nýr samningur
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um heilbrigðisþjónustu í sérstökum tilfellum – Nýr samningur
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um hjartaaðgerðir á börnum og ungmennum
- Skåne Care AB í Lundi í Svíþjóð um þjónustu vegna Choline-PET-SCAN – Nýr samningur
- Landspítali vegna framkvæmdar samnings Sí og Skåne Care um hjartaskurðaðgerðir á börnum
- Íslenska kirkjan í Svíþjóð um aðstoð við sjúklinga í Gautaborg á vegum Sí
- Ingibjörg Helgadóttir um aðstoð við sjúklinga í Stokkhólmi og nágrenni á vegum Sí
- Ása Asgeirsdóttir um aðstoð við sjúklinga í Lundi og nágrenni á vegum Sí
- Læknisfræðileg myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu
- Íslensk myndgreining ehf. um læknisfræðilega myndgreiningu
- Vefjarannsóknarstofan ehf. um rannsóknir í líffærameinafræði
- Rannsóknarstofan Glæsisbæ ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir
- Rannsóknasetrið í Mjódd ehf. um blóðmeina- og efnameinafræðirannsóknir
- Ellen Mooney um rannsóknir í húðmeinafræði
- Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði um lyfja og eiturefnarannsóknir
- Krabbameinsfélag Íslands um rannsóknir í frumumeinafræði
- Landspítali um rannsóknir í frumumeinafræði



- Landspítali um rannsóknir í sýkla-, veiru-, ónæmis-, klínískri lífefna- og blóðmeinafræði
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í sýkla-, veiru-, ónæmis-, klínískri lífefna- og blóðmeinafræði
- Sjúkrahúsið á Akureyri um rannsóknir í líffærameinafræði
- Landspítali um greiðslur rannsókna sem pantaðar eru af Heilsugæslunni Salahverfi
- Rammasamningur við sjúkrastofnanir um rannsóknir sem pantaðar eru af sjálfstætt starfandi læknum
- Hjartavernd ses. um kaup á þjónustu af Rannsóknarstöð Hjartaverndar vegna hóp- og vísindarannsókna
- Rammasamningur við tannlækna um tannlækningar barna
- Tannlæknafélag Íslands um tannlækningar barna
- Tannlæknafélag Íslands um rafræn samskipti og aðgerðaskrá
- Peter Holbrook og Stefán Pálmason um munnlyflækni-fræði – Nýr samningur
- Tannlæknaeild Háskóla Íslands/Landspítali um nauðsynlegar tannlækningar
- Tannlæknaeild Háskóla Íslands/Landspítali um tannlækningar á göngudeild
- Tannlækningastofnun HÍ um skoðun sjúklinga í tengslum við athugun á veittri tannlæknaþjónustu
- Rammasamningur við hjúkrunarheimili um þjónustu hjúkrunarheimila – Nýr samningur
- Öldungur hf. um rekstur hjúkrunarheimilis að Sóltúni 2 í Reykjavík
- Reykjavíkurborg um sértæk hjúkrunarrými fyrir einstaklinga með mjög sérhæfðar hjúkrunar- og umönnunarþarfi – Nýr samningur
- Rammasamningur við ljósmæður vegna fæðinga og umönnunar sængurkvenna í heimahúsum
- Reykjavíkurborg um hjúkrun í heimahúsum
- Karitas um sérhæfða líknarmeðferð í heimahúsum
- Heilsuefingarmiðstöðin um sérhæfða hjúkrunarmeðferð fyrir börn í heimahúsum
- Heimahlynning á Akureyri um sérhæfða líknarmeðferð í heimahúsum
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um heimahjúkrun
- Sjúkrahúsið á Akureyri um aðstöðu fyrir starfsemi Heimahlynningar á Akureyri og aðstoð við meðferð sjúklinga
- Landspítali um aðgang að sjúkraskrá, aðgengi að klínískum kerfum og ráðgjöf varðandi meðferð sjúklinga Karitas
- Landspítali um öflun og rekstur rúmmálsstýrðra öndunarvéla í heimahúsum ásamt þjónustu (CPAP, BIPAP)
- Landspítali um hjúkrunarfræðilega ráðgjöf um súrefnisþjónustu í heimahúsum



- Rammasamningur við sjálfstætt starfandi sjúkrapjálfa um sjúkrapjálfun utan sjúkrahúsa
- Rammasamningur við sjúkrastofnanir um sjúkrapjálfun á göngudeild
- Viðaukar við rammasamning SÍ og sjúkrapjálfa vegna einstaka sjúkrapjálfa sem sinna sjúkrapjálfun í dreifðari byggðum
- Félag sjúkrapjálfa um aðkomu félagsins að faglegum málefnum er varða rammasamning SÍ og sjúkrapjálfa
- Félag sjúkrapjálfa um heildarendurskoðun Sp-kerfisins og skiptingu Sp-sjóðsins
- Sjálfsbjörg Akureyri um sjúkrapjálfun
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heililislæknastöðin hf. um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Salus ehf. um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Landspítali um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu – Nýr samningur
- Reykjalundur um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Austurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Heilbrigðisstofnun Vesturlands um samstarf vegna innleiðingar hreyfiseðla í heilbrigðiskerfinu
- Reykjalundur um þverfaglega endurhæfingu
- Náttúrulækningafélag Íslands um þverfaglega endurhæfingu á HNLÍ
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra um sjúkra- og iðjuþjálfun barna og ungmenna
- Endurhæfing ehf. um þjálfun einstaklinga með fjölbættar skerðingar og ráðgjöf til þeirra
- Þraut ehf. um þverfaglega greiningu og endurhæfingu fyrir einstaklinga með vefjagigt
- HL stöðin á Akureyri um endurhæfingu og þjálfun
- HL stöðin í Reykjavík um endurhæfingu og þjálfun
- Rammasamningur við talmeinafræðinga um talmeinaþjónustu
- Rammasamningur við sveitarfélög eða stofnanir þeirra um talmeinaþjónustu
- Félag talmeinafræðinga á Íslandi um aðkomu félagsins að faglegum málefnum er varða rammasamning SÍ og talmeinafræðinga
- Viðaukar við rammasamning SÍ og talmeinafræðinga vegna einstaka talmeinafræðinga sem sinna talmeinaþjónustu í dreifðari byggðum
- Gigtarfélag Íslands um iðjuþjálfun
- Sjálfsbjörg Akureyri um iðjuþjálfun
- Rammasamningur við sálfræðinga um sálfræðimeðferð fyrir börn og unglunga
- Barnspítali Hringisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- BUGL um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands um tilvísanir í sálfræðimeðferð

- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins um tilvísanir í sálfræðimeðferð
- Sjúkrahúsið á Akureyri um tilvísanir í sálfræðimeðferð – Nýr samningur
- Krabbameinsfélag Íslands um skipulagða leit að krabbameinum í leghálsi og brjóstum
- SÁÁ um áfengis- og vímuefnameðferð á sjúkrahúsinu Vogu
- SÁÁ um dagdeildarþjónustu fyrir áfengissjúka
- SÁÁ um viðhaldsmeðferð gegn ópiumfíkn
- Meðferðarheimilið í Krýsuvík um langtíma áfengis og vímuefnameðferð
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu
- Brunavarnir Suðurnesja um sjúkraflutninga á svæði Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
- Akureyrarbær um sjúkraflutninga á svæði heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands um sjúkraflutninga til og frá Hrísey og Grímsey
- Rauði krossinn á Íslandi um útvegum og rekstur bifreiða og tækjabúnaðar til sjúkraflutninga
- Mýflug hf., í kjölfar útboðs, um sjúkraflug innanlands
- Landhelgisgæslan um sjúkraflug með þyrlu
- Ernir ehf. um sjúkraflug til útlanda
- Mýflug hf. um sjúkraflug til útlanda
- Landhelgisgæslan um sjúkraflug til útlanda
- Akureyrarbær um þjónustu sjúkraflutningsmanna við sjúkraflug innanlands
- Sjúkraflug ehf. um þjónustu fylgdarmanna í áætlunarflugi innanlands
- Flugfélag Íslands um sjúkrarúm í innanlandsflugi
- Bláa lónið hf. um húðmeðferð fyrir psoriasis- og exemsjúklinga
- Húðlæknastöðin ehf. um ljósmeðferðir vegna húðsjúkdóma
- Rammasamningur um ljósmeðferðir vegna húðsjúkdóma
